Moldun

Allt eins og blómstrið eina
upp vex á sléttri grund
fagurt með frjóvgun hreina
fyrst um dags morgunstund,
á snöggu augabragði
af skorið verður fljótt,
lit og blöð niður lagði -
líf mannlegt endar skjótt.

Ég lifi' í Jesú nafni,
í Jesú nafni' eg dey,
þó heilsa' og líf mér hafni,
hræðist ég dauðann ei.
Dauði, ég óttast eigi
afl þitt né valdið gilt,
í Kristí krafti' eg segi:
Kom þú sæll, þá þú vilt.

Hallgrímur Pétursson
Sb. 1671

Blessun



Eftirspil


Í faðmi fjalla blárra
þar freyðir aldan köld.
Í sölum hamra hárra
á Huldan góða völd.
Sem lætur blysin blika
um bládimm klettaskörð,
er kvöldsins geislar kvika
og kyssa Ísafjörð.

Jónas Tómasson - Guðm. Guðm.

Aðstendur þakka auðsýnda samúð og vináttu og bjóða viðstöddum að þiggja veitingar á Hótel Ísafirði að athöfn lokinni.

Prestur:	Sr. Grétar Halldór Gunnarsson
Organisti:	Tuuli Rähni
Söngur:	Kór Ísafjarðarkirkju
Einsöngur:	Pétur Ernir Svavarsson

jhprent@gmail.com
S: 695 4174





Ólöf Borghildur Veturliðadóttir

Fædd 24. febrúar 1948
Dáin 5. apríl 2022

Útför frá Ísafjarðarkirkju miðvikudaginn 13. apríl 2022

Forspil
Kveðja

Bubbi Morthens

Ávarp og bæn


Hærra, minn Guð, til þín,
hærra til þín,
enda þótt öll sé kross
upphefðin mín.
Hljóma skal harpan mín:
:,: Hærra, minn Guð, til þín, :,:
hærra til þín.

Sofanda sýndu þá
sólstigans braut
upp í þitt eilífa
alföðurskaut.
Hljómi svo harpan mín:
:,: Hærra, minn Guð, til þín, :,:
hærra til þín.

Lyfti mér langt í hæð
lukkunnar hjól,
hátt yfir stund og stað,
stjörnur og sól,
hljómi samt harpan mín:
:,: Hærra, minn Guð, til þín, :,:
hærra til þín.

Adams - Matthías Jochumsson
Sb. 1945

Ritningarlestur



Drottinn er minn hirðir,
mig mun ekkert bresta.
Á grænum grundum
lætur hann mig hvílast,
leiðir mig að vötnum,
þar sem ég má næðis njóta.
Hann hressir sál mína,
leiðir mig um réttan veg
fyrir sakir nafns síns.
Jafnvel þótt ég fari um dimman dal,
óttast ég ekkert illt,
því að þú ert hjá mér,
sproti þinn og stafur hugga mig.
Þú býr mér borð
frammi fyrir fjendum mínum,
þú smyr höfuð mitt með olíu,
bikar minn er barmafullur.
Já, gæfa og náð fylgja mér
alla ævidaga mína,
og í húsi Drottins bý ég langa ævi.
Drottinn er minn hirðir,
mig mun ekkert bresta.

Margrét Scheving - Dav. 23

Guðspjall

Einsöngur
Rósin

Friðrik Jónsson - Guðmundur Halldórsson

Minningarorð

Einsöngur
Söknuður

Jóhann Helgason - Vilhj. Vilhjálmsson

Bæn og Faðir vor

Í bljúgri bæn og þökk til þín,
sem þekkir mig og verkin mín.
Ég leita þín, Guð, leiddu mig
og lýstu mér um ævistig.

Ég reika oft á rangri leið,
sú rétta virðist aldrei greið.
Ég geri margt, sem miður fer,
og man svo sjaldan eftir þér.

Sú ein er bæn í brjósti mér,
ég betur kunni þjóna þér,
því veit mér feta veginn þinn,
að verðir þú æ Drottinn minn.

Ameríkst lag - Pétur Þórarinsson







